

Fundur  
Gimli, Lækjargata 3  
101 Reykjavík.

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 8:40

Dagskrá:

## 1. Skipting við úthlutun

Fjárhagsáætlun myndlistarsjóðs til umfjöllunar. Athygli vakti að töluverð aukning umsókna er í sjóðinn í ár. Ákvörðun var tekin að veita 40 millj.kr. í fyrri úthlutun 2021 sem skiptist eftirfarandi.

2021FYRRI						
Umsóknir	Flokkar	Samtals sótt um	%	Styrkhafar	Úthlutað	
78	Aðrir styrkir, útg.- og ranns.	99.369.633 ISK	36%		15.000.000 ISK	<b>37,5%</b>
35	Undirbúningsstyrkir	26.599.157 ISK	10%			
148	Sýningarverkefni	148.666.290 ISK	54%		25.000.000 ISK	<b>62,5%</b>
261		<b>274.635.080 ISK</b>	100%		40.000.000 ISK	100%

Ákveðið var að úthluta 38% í flokkana: aðrir styrkir (útgáfu- og rannsókna) og undirbúningsstyrki, og úthluta 63% í flokki sýningarverkefna.

Tvennt vakti athygli ráðsmanna varðandi innsendar umsóknir og var til umræðu.

Í fyrsta lagi var rætt um það að KÍM rekur skrifstofu fyrir myndlistarráð og hefur umsjón með Íslenska skálanum í Feneyjum. Þá var rætt um hvort myndlistarráði sé heimilt að veita styrki til Íslenska skálans á Feneyjatvíæringi, hvort sem sótt er um fyrir sýningarverkefni eða útgáfu.

Einnig voru vangaveltur um hvort höfuðsafnið Listasafn Íslands sé heimilt að sækja um í sjóðinn, en hingað til hefur það verið túlkað svo að LÍ sé ekki heimilt að sækja um, líkt og þeim er ekki heimilt að sækja um í safnasjóð. Hinsvegar er ekki fjallað um það, hvorki í myndlistarlögum né í reglum myndlistarsjóðs.

Sendar verða fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi þetta tvennt.

## 2. Samhæfing á verklagsreglum við yfirferð umsókna

Dagný og Hannes fulltrúar myndlistarráðs halda kynningarfundir með matsnefndum í sitthvoru lagi til að fara yfir verklag og leiðbeiningar um mat á umsóknum. Vegna fjölda umsókna þurfa fundir mögulega að vera fleiri en áður. Niðurstöður nefndanna munu liggja fyrir 24. mars.

## 3. Önnur mál

Til umræðu var nýtt tímarit um Íslenska myndlist sem er samstarfsverkefni á milli SÍM, KÍM, Myndlistarráðs, myndlistardeildar LHÍ og Listfræðafélags Íslands. Tímaritið hefði átt að koma út við afhendingu Íslensku myndlistarverðlaunanna sem haldin var 25. febrúar en útgáfunni seinkaði og mun hún koma út þann 7. mars nk. KÍM fær afhent 300 eintök sem verður dreift alþjóðlega í samstarfi við sendiráð víðsvegar.

Guðrún Erla Geirsdóttir, fulltrúi SÍM, sendi inn tillögu til umræðu er varðar fjölgun viðurkenninga myndlistarráðs á íslensku myndlistarverðlaununum og verður erindið tekið fyrir á næsta fundi. Sjá tillögu fulltrúa hér:

Eins og ykkur er kunnugt hef ég mikinn áhuga á að fjölga viðurkenningum Myndlistarráðs. Hér að neðan er að finna tillögur að tveim nýjum flokkum sem ég legg til að Myndlistarráð veiti viðurkenningar fyrir. Æskilegt væri að fá umræðu um málið á næsta fundi ráðsins.

Hugmyndin mín er að þessir nýju flokkar komi til framkvæmda að ári, þ.e. viðurkenningar verði veittar 2022. Í samræmi við viðurkenningar fyrir ævistarf og útgefið efni mundi Myndlistarráð velja þá aðila sem hljóta þessar viðurkenningar. Ef tillögurnar verða samþykktar þarf að ræða hvort gefa eigi fólki utan Myndlistarráðs kost á að tilnefna (sb. Íslensku myndlistarverðlaunin), t.d. hægt að geta þess í auglýsingum um umsóknarfrest í Myndlistarsjóð að tekið sé við tilnefningum.

### 1. Áhugaverðasta endurlitið

Viðurkenning fyrir áhugaverðasta endurlitið er árlega veitt safni, sýningarými, hópi og/eða sýningarstjóra sem staðið hefur að einstakleg vel heppnaðri sýningu á eldri innlendri myndlist þar sem ljósi er varpað á listgrein, stefnu, hóp eða einstakling.

### 2. Áhugaverðasta samsýningin

Viðurkenningin áhugaverðasta samsýningin er veitt safni, sýningarými, myndlistahátíð, hópi og/eða sýningarstjóra er staðið hefur að samsýningu á innlendri myndlist sem talin er hafa skorað framúr á sýningavettvangi hér á landi á síðasta ári.

Fundi slitið kl. 10:20

